



OPINBER INNKAUP. ÁFANGASKÝRSLA 4 VERKTAKAGREIÐSLUR HJÁ FASTEIGNASKRÁ

MARS 2010

EFNISYFIRLIT

NÍÐURSTÖÐUR.....	5
1 MÁLAVEXTIR	7
2 BRÉF RÍKISENDURSKOÐUNAR	9
3 SVAR FASTEIGNASKRÁR	11
4 SAMNINGUR FASTEIGNASKRÁR VIÐ TÖLVUSKJÖLUN EHF.	13

NIÐURSTÖÐUR

Á árunum 2000 til 2009 greiddi Fasteignaskrá Íslands (áður Fasteignamat ríkisins) fyrirtækinu Tölvuskjölun ehf. tæplega 102 m.kr. fyrir verktakaþjónustu. Greiðslurnar byggjast að stærstum hluta á verksamningi þessara aðila frá 21. febrúar 2002. Samkvæmt honum skal fyrirtækið leggja stofnuninni til einn tiltekinn starfsmann til að veita tölvudeild stofnunarinnar forstöðu og skal hann hafa vinnuaðstöðu á stofnuninni og fastan viðverutíma. Samkvæmt viðauka skal endurgjald til verktaka taka mið af launabreytingum í kjarasamningum BHM. Ríkisendurskoðun telur fyrirkomulag á borð við þetta óeðlilegt og bera öll merki svonefndrar gerviverktöku. Stofnunin óskaði því skýringa Fasteignaskrár á málinu með bréfi 16. desember 2009.

Í svarbréfi frá 12. janúar 2010 gerði Fasteignaskrá Íslands grein fyrir sjónarmiðum sínum í málinu. Í lok bréfsins kemur jafnframt fram að áformað sé að enda verksamning stofnunarinnar við Tölvuskjölun ehf. og auglýsa starf forstöðumanns tölvudeildar laust til umsóknar. Samkomulag um lok verksamnings var síðan undirritað 18. febrúar 2010 og tekur gildi frá og með 31. mars sama árs. Einnig var starf forstöðumanns tölvudeildar Fasteignaskrár auglýst á Starfatorgi 20. febrúar 2010.

Ríkisendurskoðun væntir þess að með viðbrögðum Fasteignaskrár Íslands muni mál þetta færast í eðlilegan farveg. Ríkisendurskoðun telur engu að síður rétt að birta samskipti sín við Fasteignaskrá og tvær almennar ábendingar til stofnana ríkisins.

ÁBENDINGAR

1. FYLGJA BER REGLUM UM MUN VERKTAKAVINNU OG LAUNÞEGAVINNU

Mikilvægt er að stofnanir ríkisins fylgi almennum reglum og viðmiðunum skattfyrivalda um mun verktakavinnu og launþegavinnu og forðist gerviverktöku.

2. RÍKISADILUM BER AÐ AUGLÝSA LAUS STÖRF

Ríkisendurskoðun bendir á mikilvægi þess að stofnanir ríkisins tryggi gagnsæi og jafnræði við val á starfsmönnum sínum með því að auglýsa jafnan laus störf og gefa þar með öllum sem hafa getu og vilja til að sinna þeim kost á að sækja um þau.

1 MÁLAVEXTIR

Í lok árs 2009 hóf Ríkisendurskoðun úttekt á kaupum ráðuneyta og stofnana þeirra á vörum og þjónustu. Þegar hafa verið birtar opinberlega þrjár áfangaskýrslur um niðurstöður hennar: *Innkaupastefna ráðuneyta, Verktakagreiðslur við Háskóla Íslands og Viðskipti ríkisstofnana við 800 birgja*.

Við vinnu að áfangaskýrslunni *Viðskipti ríkisstofnana við 800 birgja* komu ljós veruleg viðskipti Fasteignaskrár Íslands (áður Fasteignamats ríkisins) við fyrirtækið Tölvuskjölun ehf. Við athugun kom í ljós að fyrirtækið er í eigu forstöðumanns tölvudeildar Fasteignaskrár. Jafnframt var staðfest að forstöðumaðurinn er ekki launamaður við stofnunina heldur verktaki og hefur verið um margra ára skeið, sbr. samning Fasteignamats ríkisins við fyrirtækið frá 21. febrúar 2002 (sjá 4. hluta þessarar skýrslu). Heildarviðskipti stofnunarinnar við Tölvuskjölun ehf. á árunum 2000–2009 námu samtals 101,7 m.kr. og eru flokkuð sem sérhæfð hugbúnaðargerð í bókhaldi.

1.1 Viðskipti Fasteignaskrár við Tölvuskjölun ehf. í m.kr.	
ÁR	UPPHÆÐ
2009	11,4
2008	12,2
2007	12,1
2006	11,4
2005	10,9
2004	10,2
2003	12,7
2002	11,8
2001	6,8
2000	2,3
SAMTALS	101,7

Samningur Fasteignamats ríkisins við Tölvuskjölun ehf. kveður á um að hann sé bundinn einum tilteknum starfsmanni fyrirtækisins. Sá skuli veita tölvudeild stofnunarinnar forstöðu og m.a. taka þátt í samstarfi innan hennar, hafa frumkvæði að stefnumótun, móta tillögur um verkefni tölvudeildar og gera verkáætlanir fyrir hana. Í samningnum eru ákvæði þess efnis að verktaki skuli hafa vinnuaðstöðu hjá stofnuninni og vera við milli kl. 8.30 og 17.00 alla virka daga, utan $\frac{1}{2}$ klst. matarhlés dag hvern. Endurgjald fyrir vinnu verktakans hefur verið hækkað nokkrum sinnum frá undirritun verksamningsins og er í viðauka við samninginn vísað um slíkt til launabreytinga í kjarasamningum BHM.

Ríkisendurskoðun telur að verksamningur á borð við þann sem Fasteignamat ríkisins gerði við Tölvuskjölun ehf. sé skýrt dæmi um gerviverktöku. Því til stuðnings er vísað í ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 98-856. Þar segir m.a.:

„Að álitum ríkisskattstjóra eru greiðslur til manna, sem fá aðstöðu til verks hjá kaupanda þjónustunnar ásamt aðstoð frá launuðum starfsmönnum hans og þurfa sjáanlega ekki að hafa neinn kostnað við verkið, launagreiðslur en ekki greiðslur til verktaka. Öðru máli gegnir um þá aðila sem taka að sér verkefni og leggja sjálfir til aðstöðu við starfseminna, tæki og áhöld og taka m.ö.o. fjárhagslega ábyrgð og áhættu á verkum sínum. Slíkar greiðslur eru í eðli sínu verktakagreiðslur.“

Hinn 16. desember 2009 sendi Ríkisendurskoðun forstjóra Fasteignaskrár Íslands bréf, sbr. 2. hluta þessarar skýrslu, þar sem óskað var upplýsinga um ýmis atriði sem varða viðskipti stofnunarinnar við umrætt fyrirtæki. Ríkisendurskoðun óskaði m.a. svara við því hvers vegna forstöðumaðurinn væri verktaki en ekki launamaður, hver væri ábyrgð hans á störfum undirmanna hans í tölvudeild stofnunarinnar, hvort Fasteignaskrá teldi fyrirkomulagið samrýmast skattalögum og hvort til stæði að breyta því.

Fasteignaskrá svaraði bréfi Ríkisendurskoðunar 12. janúar 2010, sbr. 3. hluta þessarar skýrslu, og gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum í málinu. Í lok svarsins kemur fram að stofnunin áformi að enda verksamning sinn við Tölvuskjölun ehf. frá og með 1. apríl 2010 og auglýsa og ráða í starf forstöðumanns tölvudeildar fyrir þann tíma. Slíkt hefur nú verið gert með samkomulagi Fasteignaskrár og Tölvuskjölunar ehf. sem undirritað var 18. febrúar 2010 og tekur gildi frá og með 31. mars sama árs. Jafnframt var starf forstöðumanns tölvudeildar stofnunarinnar auglýst á Starfatorgi 20. febrúar 2010.

Ríkisendurskoðun fagnar þessari niðurstöðu og væntir þess að þar með sé afskiptum hennar af þessu máli lokið. Stofnunin telur engu að síður rétt að birta samskipti sín við Fasteignaskrár Íslands. Að auki mun hún fylgjast með gangi mála á komandi mánuðum.

Vegna þess sem fram kemur í svari Fasteignaskrár við 4. spurningu Ríkisendurskoðunar þykir rétt að taka fram að bókhald og ársreikningur stofnunarinnar er á ábyrgð stjórnar og stjórnenda hennar. Ársreikningur er lagður fram í samræmi við starfskyldur þeirra skv. 49. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997, sbr. til hliðsjónar 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Góð endurskoðunarvenja byggir að verulegu leyti á úrtakskönnunum. Endurskoðandi getur því ekki ábyrgst að ársreikningur sé laus við annmarka. Vinna hans beinist hins vegar að því að tryggja að ársreikningurinn sé án annmarka sem verulegu máli skipta og að reikningsskilin gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju. Áritun endurskoðanda er því ekki og má ekki líta á sem yfirlýsingu af hans hálfu um annmarkalaus rekstur.

2 BRÉF RÍKISENDURSKOÐUNAR

	Dagsetning	Tilvísun
Fasteignaskrá Íslands Haukur Ingibergsson, forstjóri Borgartúni 21 105 Reykjavík	16. desember 2009	F-63 SA/bb

Ríkisendurskoðun vinnur nú að úttekt á kaupum ríkisins á vörum og þjónustu. Við skoðun á úrtaki sem tekið var út úr bókhaldskerfi ríkisins vöknudú ákveðnar spurningar sem snúa að viðskiptum Fasteignaskrár Íslands við fyrirtækið Tölvuskjölun ehf., sem er í eigu Sigurjóns Friðjónssonar, forstöðumanns tölvudeildar Fasteignaskrár. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignaskrá er Sigurjón ekki launamaður hjá stofnuninni heldur verktaki í gegnum fyrrnefnt fyrirtæki. Ríkisendurskoðun hefur fengið afrit af samningi Fasteignaskrár við fyrirtækið, dags. 21. febrúar 2002 og fjórum viðaukum við hann dags. 5. nóvember 2005, 1. janúar 2007, 1. janúar 2008 og 1. maí 2008.

Hér með er óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hvers vegna er forstöðumaður tölvudeildar Fasteignaskrár verktaki en ekki launamaður?
2. Hversu hátt hlutfall starfa verktakans flokkast í reynd sem sérhæfð hugbúnaðargerð, en í bókhaldi stofnunarinnar eru allar greiðslur til verktakans flokkaðar sem slíkar?
3. Hver er ábyrgð verktakans á störfum undirmanna hans í tölvudeild Fasteignaskrár?
4. Telur Fasteignaskrá að það samrýmist skattalögum að forstöðumaður tölvudeildar stofnunarinnar sé verktaki en ekki launamaður?
5. Stendur til að breyta þessu fyrirkomulagi?

Óskað er eftir að svör liggi fyrir eigi síðar en 4. janúar nk.

Erinn Arason

Erinn Arason

Afrit sent formanni stjórnar Fasteignaskrár Íslands

3 SVAR FASTEIGNASKRÁR

Ríkisendurskoðun
Skúlagötu 57
105 Reykjavík

12. janúar 2010

Vísað er til bréfs Ríkisendurskoðunar frá 16. desember 2009, tilvísun F-63, varðandi viðskipti Fasteignaskrár Íslands við Tölvuskjölun ehf.

Í bréfinu eru lagðar fram eftirfarandi spurningar:

Sp. 1: Hvers vegna er forstöðumaður tölvudeildar Fasteignaskrár verktaki en ekki laumamaður?

Svar: Meginhlutverk Fasteignaskrár Íslands, áður Fasteignamats ríkisins, er að halda fasteignaskrá en kjarni hennar er þrjúþættur; upplýsingar um lönd og lóðir og hnitsett afmörkun þeirra, mannvirki við þau skeytt og réttindi heim viðkomandi. Jafnframt er fasteignaskrá grundvöllur þinglýsingabókar fasteigna, mats fasteigna og húsaskrár Þjóðskrár og þannig úr garði gerð að hún nýtist sem stoðgagn í landupplýsingakerfum. Saga breytinga á skráningu fasteignar er varðveitt í fasteignaskrá. Auk þess annast stofnunin ákvörðun og framkvæmd fasteignamats ásamt rannsóknnum á fasteignamarkaðinum þar sem fasteignamat á að endurspegla gangverð. Þessu tengt er kerfi innan fasteignaskrár til álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda. Einnig annast stofnunin ákvörðun og framkvæmd brunabótamats byggt á viðeigandi kerfum til kostnaðarútreikninga ásamt starfrækslu kerfis til að tryggja að eign fari ekki úr brunatryggingu hjá tryggingarfélagi nema að hún sé komin í tryggingu hjá öðru tryggingarfélagi.

Verkefni Fasteignaskrár Íslands er þess eðlis að öll tölvukerfi sem stofnunin notar í starfi sínu þarf að sérhanna, framleiða og þróa fyrir stofnunina. Ástæða þess er að kerfi til þessara nota eru ekki fjöldaframleidd fyrir alþjóðamarkað heldur byggjast slík kerfi á löggjöf og stjórnskipan viðkomandi ríkis. Af þessu leiðir að aðeins örfáir menn, teljandi á fingrum annarrar handar, gjörþekkja fasteignaskrá og hin ýmsu kerfi hennar og samspil kerfishluta. Forstöðumaðurinn hefur starfað um tveggja áratuga skeið að gerð þessara kerfa, hefur viðeigandi menntun og gjörþekkir kerfin, högun þeirra, virkni og vensl. Þegar þáverandi forstöðumaður tölvudeildar fluttist árið 2002 til matsstarfa innan stofnunarinnar var ákveðið að fá núverandi forstöðumann til að stýra tölvudeildinni samhliða vinnu hans að forritun enda væri stjórnun tölvudeildarinnar faglega og fjárhagslega vel fyrir komið með þessum hætti. Í 8. gr laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna er sérstaklega tekið fram að forstjóri kaupis "sérfræðilega aðstoð eftir því sem nauðsyn ber til" og hafa ber í huga að á þessum tíma var mikil eftirspurn eftir tölvunarfræðingum og erfitt að ná í slíka menn með framúrskarandi reynslu og menntun, hvað þá með mikla þekkingu á fasteignaskrá. Ein allra mikilvægasta nauðsyn starfseminnar er að tölvukerfin séu örugg, ávallt starfshæf og í stöðugri þróun. Fasteignaskrá Íslands er eina ríkisstofnunin sem hefur vottun bresku staðl stofnunarinnar BSI um að starfsemi sé samkvæmt ISO/IEC 27001 staðli um stjórn upplýsingaöryggis og segir það m.a. sitt um að stjórn og starfsemi tölvudeildarinnar hefur verið vel sinnt.

Sp. 2: Hversu hátt hlutfall starfa verktakans flokkast í reynd sem sérhæfð hugbúnaðargerð, en í bókhaldi stofnunarinnar eru allar greiðslur til verktakans flokkaðar sem slíkar?

Svar: Sem fyrr segir eru verkefni Fasteignaskrár Íslands þess eðlis að öll tölvukerfi sem stofnunin notar í starfi sínu þarf að sérhanna, framleiða og þróa fyrir stofnunina. Verkefni verktakans hafa verið að hanna, framleiða og þróa slík kerfi, fyrst sem forritari en síðar einnig sem stjórnandi slíkra verkefna og þeirrar deildar sem annast þau.

Sp. 3: Hver er ábyrgð verktakans á störfum undirmanna hans í tölvudeild Fasteignaskrár?

Svar: Um ábyrgð verktakans varðandi hinn aðkeypta stjórnunarþátt er fjallað í samningi Fasteignaskrár Íslands við Tölvuskjölun ehf., sem er fyrirtæki sem selur þjónustu viðkomandi. Sú ábyrgð felst í því að sjá til þess að tölvudeildin vinni að því að stofnunin hafi viðeigandi verkfæri á sviði hugbúnaðar og vélbúnaðar og stýra rekstri gagnagrunna og tölvukerfa.

Sp. 4: Telur Fasteignaskrá að það samrýmist skattalögum að forstöðumaður tölvudeildar stofnunarinnar sé verktaki en ekki launamaður?

Svar: Fasteignaskrá er ekki kunnugt um að sá háttur sem stofnunin hefur viðhaft við að kaupa þá þjónustu sem hér um ræðir brjóti í bága við skattalög og engin ábending þess efnis hefur verið gerð við árlega endurskoðun ársreiknings stofnunarinnar. Við endurskoðun Ríkisendurskoðunar vegna ársreiknings Fasteignamats ríkisins, nú Fasteignaskrár Íslands, fyrir árið 2007 var stefnumörkun og innleiðing eigin upplýsingakerfa t.d sérstaklega endurskoðuð og gaf könnunin ekki tilefni til athugasemda og hið sama átti við um sérstaka úttekt á Landskrá fasteigna við endurskoðun ársreiknings 2005 sbr. bréf Ríkisendurskoðunar frá 23. desember 2008 og 28. ágúst 2006.

Sp. 5: Stendur til að breyta þessu fyrirkomulagi?

Svar: Hinn 1. október 2009 færðist Fasteignaskrá Íslands frá fjármálaráðuneytinu og undir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið. Hinn 27. október 2009 ákvað ráðherra að sameina tölvudeild Þjóðskrár, sem m.a. rekur vélbúnað og ýmis starfs- og upplýsingakerfi fyrir stofnanir sem undir ráðuneytið falla, tölvudeild Fasteignaskrár Íslands frá 1. janúar 2010. Þessar breytingar hafa í för með sér að verkefni deildarinnar verða fjölbreyttari og takmarkast ekki af þörfum fasteignaskrár fyrir hugbúnað og aðra þætti því tengdu. Þessi breyting hefur kallað á endurnat á starfsemi og skipulagi deildarinnar sem einnig nær til stjórnunar deildarinnar. Á lokastigi eru samningar við Tölvuskjölun ehf. um endi á verksamningi aðila dags. 21. febrúar 2002, væntanlega frá 1. apríl n.k. enda áformar stofnunin að auglýsa og ráða í starf forstöðumanns tölvudeildar fyrir þann tíma.

F.h. Fasteignaskrár Íslands

Haukur Ingibergsson
Haukur Ingibergsson, forstjóri

4 SAMNINGUR FASTEIGNASKRÁR VIÐ TÖLVUSKJÖLUN EHF.

Síða 1 af 3

Undirritaðir aðilar, **Fasteignamat ríkisins**, kt. 650376-0649, Borgartúni 21, Reykjavík, hér eftir nefndur verkkaupi, og **Tölvuskjölun ehf.**, kt. 490200-2150, Álfholti 54, Hafnarfirði, hér eftir nefndur verktaki, gerum með okkur eftirfarandi

VERKSAMNING

1. gr. Markmið

Verktaki tekur að sér að leggja verkkaupa til einn starfsmann til að veita tölvudeild verkkaupa forstöðu, og skal sá aðili vera Sigurjón Friðjónsson, kt. 150664-2929, Álfholti 54, Hafnarfirði.

2. gr. Hlutverk

Hlutverk tölvudeildar samkvæmt skipuriti verkkaupa er að vinna að því að stofnunin hafi viðeigandi verkfæri á sviði hugbúnaðar og vélbúnaðar og stýra rekstri gagnagrunna og tölvukerfa. Hlutverk verktaka er að stýra tölvudeild í samræmi við þetta hlutverk. Tölvudeild fellur undir forstjóra og lítur yfirstjórn hans. Í starfi sínu tekur verktaki þátt í samstarfi innan stofnunarinnar og hefur frumkvæði að stefnumótun, mótar tillögur um verkefni deildarinnar, gerir verkáætlanir og sér um að framkvæma það sem ákveðið er að gera. Hann tekur við verkbeiðnum frá forráðamönnum annarra starfseininga verkkaupa og setur þær í forgangsröð í samráði við forstjóra.

3. gr. Samkeppnishömlur

Verktaki skuldbindur sig gagnvart verkkaupa að iðka ekki neina þá starfsemi, sem getur skaðað samkeppnisstöðu verkkaupa með þátttöku í framleiðslu og/eða sölu á sambærilegum vörum eða verkefnum, eða með öðrum hætti, t.d. ráðgjöf eða þjónustu á gildistíma samnings þessa og í tvö ár eftir að gildistíma samningsins lýkur.

4. gr. Þagnaðar- og trúnaðarskylda

Verktaki er bundinn þagnaðarskyldu og trúnaði um allar upplýsingar sem varða verslunar- og/eða viðskiptaleyndarmál verkkaupa, þ.m.t. upplýsingar um viðskiptasambönd, framtíðaráætlanir og viðskiptalegan rekstur verkkaupa, sbr. 27. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Öll gögn og upplýsingar, í hvaða formi sem þær kunna að vera, svo sem vinnugögn, bækur, skýrslur, tölvupóstur, forrit o.fl. sem verktaki aflar eða fær í hendur í starfi sínu eru eign verkkaupa. Verktaka er með öllu óheimilt að taka afrit af skjölum eða öðrum gögnum til eigin nota eða annarra. Við verklok verktaka hjá verkkaupa, er honum óheimilt að taka með sér ofangreindar upplýsingar á hvaða formi sem þær kunna að vera í (t.d. skriflegar, tölvudisklingar, minnispointar, skýrslur, uppdættir o.sv.frv.). Honum er skylt að skila slíkum skjölum sem hann hefur í sinni vörslu, þegar þjónustu hans við verkkaupa lýkur.

Efni verksamnings þessa er trúnaðarmál á milli verktaka og verkkaupa, sem aðilum er óheimilt að upplýsa við þriðja aðila.

HR
SP

5. gr.

Hugverkaréttindi

Verk vertaka í þágu verkaupa samkvæmt samningi þessum og fyrir gildistöku hans eru eign verkkaupa. Á það jafnt við hvort sem um er að ræða verk sem höfundaréttur nær til, sbr. b-lið 42. gr. höfundalaga nr. 73/1972, með síðari breytingum, uppfinningu sem vernduð verður með einkaleyfi, hugmynd, aðferð, atvinnuleyndarmál eða hvers konar hugverk sem vertaki þróar eða vinnur að samkvæmt samningi þessum. Vertaka er ljóst að öll slík verk verða órjúfanlegur hluti annarrar starfsemi verkaupa.

6. gr.

Aðstaða og vinnuframlag

Verkkaupi leggur vertaka til vinnuástöðu í Borgartúni 21 sambærilega við þá sem starfsmenn verkkaupa hafa. Vinnutími vertaka á hverjum virkum degi er 8 klukkustundir. Viðverutími vertaka er kl. 08:30-17:00 dag hvern og af því reiknast 1/2 klukkustund í matartíma. Ef vertaki óskar eftir að verksali vinni lengri vinnudag en að ofan greinir er honum heimilt að greiða það með því tímagjaldi sem ákveðið er í samningi þessum eða með því að stytta vinnutíma aðra daga.

Á ársgrundvelli kaupir verkkaupi vinnu af vertaka sem nemur þremur færri virkum dögum í mánuði en fjöldi virkra daga í hverjum mánuði er. Hverjir þeir 36 virkir dagar á ári eru, sem vertaki vinnur ekki í þjónustu verkaupa, fer eftir samkomulagi verkaupa og verksala og skal við slíka ákvörðun taka tillit til verkefnastöðu á starfssviði verkkaupa.

Fyrir verkið greiðir verkkaupi vertaka kr. 4.950.- fyrir hverja unna klukkustund skv. vinnutímaskýrslu sem skal geyma sundurliðaðar upplýsingar um á hvaða tíma verkið er unnið og hvert er verkefni vertaka hverju sinni.

Vertaka ber að standa skil á öllum opinberum gjöldum sem af verkkaupinu geta stafað, svo sem virðisaukaskatti, tryggingagjaldi, hverju nafni sem þau nefnast, og ber verkkaupi í engu ábyrgð á skilum vertaka á gjöldum þessum.

7. gr.

Uppgjör

Vertaki leggur fram reikninga fyrir verkið að loknum hverjum mánuði. Samþykki verkkaupi reikninga verða þeir greiddir innan 20 daga frá framlagningu.

8. gr.

Tryggingar

Vertaka ber að annast allar tryggingar fyrir sjálfan sig við vinnu verka skv. samningi þessum. Þannig ber verkkaupi með engu móti ábyrgð á hugsanlegu tjóni sem vertaki gæti orðið fyrir við framkvæmd verksins hvort sem er um eigin líkamstjón að ræða eða annað tjón sem hann ber ábyrgð á, hvort sem er á eigin eignum eða annarra.

9. gr.

Gildistími og uppsögn

Verksamningur þessi tekur gildi 1. mars 2002 og gildir til 1. september 2003 að því undanskyldu að verkkaupa er heimilt hvenær sem er á samningstímanum að segja samningnum upp með 3 mánuða fyrirvara frá móttöku vertaka á skriflegri tilkynningu um uppsögn sem skal berast honum í ábyrgðarpósti með viðtökukvittun eða með öðrum sannanlegum hætti. Samningsaðili getur rift samningi þessum þegar í stað með skriflegri tilkynningu til gagnaðilans, ef gagnaðilinn vanefnir verulega skyldur sínar samkvæmt samningnum og vanþekir að bæta úr slíkum ágöllum innan hæfilegs frests frá því honum var tilkynnt um vanefndina.

HD
SP

10. gr.

Afleiðingar samningsloka

Komi til riftunar samningsins eða einhverrar verklýsingar vegna vanefnda, samþykkja samningsaðilar að skila gagnaðilanum innan þrjátíu (30) daga frá beiðni þar um, hvers konar eignum, gögnum og trúnaðarupplýsingum á hvaða formi sem er.

Þrátt fyrir uppsögn eða lok samnings þessa, af hálfu hvors aðila, sem er, og af hvaða orsökum sem er, er verktaki bundinn af ákvæðum um þagnar- og trúnaðarskyldu í þrjú ár frá samningslokum og hins vegar af ákvæðum um eignarrétt að hugverkaréttindum, sem halda gildi sínu ótímabundið. Verktaka er skylt að aðstoða verkkaupa við breytingar á forritum og öðrum verkum sem eru afrakstur þjónustu hans við verkaupa eftir að henni lýkur samkvæmt nánara samkomulagi, enda komi hæfilegt endurgjald fyrir.

11. gr.

Framsal

Óheimilt er að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum, nema samþykki gagnaðila komi til. Þó er verkkaupa heimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum, á gildistíma hans, til annarra aðila er kynnu að taka við rekstri verktaka, vegna ákvarðana þar til bærra stjórnvalda þar um.

12. gr.


Lausn ágreinings

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn samningsaðila. Aðilar samnings þessa skuldbinda sig til þess að leita allra leiða til að leysa ágreining, sem upp kann að koma, með friðsamlegum hætti. Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.


Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar samningsins eða fyrirsvarsmenn þeirra nöfn sín hér undir.

Reykjavík, 21. febrúar 2002


F.Í. Tölvuskjölunar ehf.



F.Í. Fasteignamatarkisins



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskriftum aðila:



Viðauki

við verksamning Fasteignamats ríkisins, kt. 650376-0649, Borgartúni 21, Reykjavík og Tölvuskjölunar ehf., kt. 490200-2150, Álfholti 54, Hafnarfirði, dags. 21. febrúar 2002.


Aðilar eru sammála um að gera neðangreindar breytingar á verksamningnum:

- Samningurinn gildi ótímabundið með þriggja mánaða uppsagnarfresti af hálfu beggja samningsaðila.
- Endurgjald sbr. 6. gr. frá 1. nóvember 2005 er kr. 5.550.- Það tekur hlutfallslegum breytingum um hver áramót frá 1. janúar 2007 í samræmi við almennar launahækkanir í kjarasamningum fjármálaráðherra og aðildarfélaga BHM.

Reykjavík, 5. nóvember 2005

F.h. Tölvuskjölunar ehf.

F.h. Fasteignamats ríkisins



Viðauki

við verksamning Fasteignamats ríkisins, kt. 650376-0649, Borgartúni 21, Reykjavík og Tölvuskjölunar ehf., kt. 490200-2150, Álfholti 54, Hafnarfirði, dags. 21. febrúar 2002.


Aðilar eru sammála um að gera neðangreindar breytingar á verksamningnum:

- Samningurinn gildi ótímabundið með þriggja mánaða uppsagnarfresti af hálfu beggja samningsaðila.
- Endurgjald sbr. 6. gr. frá 1. nóvember 2005 er kr. 5.550.- Það tekur hlutfallslegum breytingum um hver áramót frá 1. janúar 2007 í samræmi við almennar launahækkanir í kjarasamningum fjármálaráðherra og aðildarfélaga BHM.


Reykjavík, 5. nóvember 2005

F.h. Tölvuskjölunar ehf.

F.h. Fasteignamats ríkisins

Endurgjald frá og með 1. janúar 2007 samkvæmt b) lið er kr. 5.825.- og byggist það á launabreytingu 1. maí 2006 um 2% og launabreytingu 1. jan 2007 um 2,9%. 

21.02.2008

Endurgjald frá og með 1. janúar 2008 samkvæmt b) lið er kr. 5.950.- og byggist það á launabreytingu 1. janúar 2008 um 2%. 

14.07.2008

Endurgjald frá og með 1. maí 2008 samkvæmt b) lið er kr. 6.310.- og miðast það við launabreytingu í kjarasamningum BHM 1. maí 2008. 